

Leið 13

Nesjavellir – Vörðu-Skeggi

Erfiðleikastig 3. 7,7 km (Frá upphafspunkti við Nesjavelli).

Stórbrotin og falleg leið, hrikaleg og brött þegar ofar dregur en öruggur stígur.

Haldið er til vesturs frá Upplýsingatöflu handan vegarins við Nesbúð að vegpresti sem skiptir leiðum, önnur áfram í Nesjavallavirkjun og Köldulaugargil, hin sem við fylgjum til austurs og svo upp eftir Stangarhálsi í suðvestur upp á Ölfusvatnsskyggni. Þar er stórkostlegt útsýni yfir á Ölkelduháls, Grafning, Nesjavallavirkjun og Köldulaugagil. Áfram liggur leiðin upp undir Nesjaskyggni þar sem sveigt er til vesturs með hlíðinni. Upp af Kýrdalsbrúnum er sveigt upp hlíðina að vegpresti upp af Kýrdal. Hér skiptast leiðir önnur í Dyradal og Marardal (leið 12), hin sem við fylgjum á Vörðu-Skeggja. (Sjá leið C).